

Fundur stjórnar Sundráðs ÍRB

Fundur nr. 10

9. ágúst 2010 í húsi Keflavíkur kl. 20:00

Mættir: Edda, Falur, Sigurþór, Hjördís, Helga, Harpa, Ásta, Svala, Herdís, Sigurbjörg, Hrannar, Elsie og Guðmundur. Einnig mættu á fundinn þjálfararnir Anthony og Eðvarð.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir og hún skoðast samþykkt.

2. Skipurit sundráð

Farið yfir skipurit sem tekur mið af því að staða yfirþjálfara hefur verið aukin úr 50% stöðu í 100% stöðu og mun yfirþjálfari í því ljósi gegna stærra stjórnunarhlutverki. Starfslýsingar yfirþjálfara og annarra þjálfara endurspeglar nýjar áherslur.

3. Æfingatöflur

Farið yfir æfingatöflur fyrir næsta sundár og tímasetningar í sundlaugum. Eðvarð hefur samband við forstöðumann Heiðarskólalaugar vegna tímasetninga þar. Anthony og Eðvarð ljúka við að fínþússa æfingatöflurnar.

4. Æfingagjöld

Hækkun á æfingagjöldum er nauðsynleg núna þar sem æfingargjöld hafa ekki hækkað síðastliðinn tvö ár. Þá hefur staða yfirþjálfara verið aukin úr 50% í 100% líkt og tíðkast hjá þeim sundfélögum sem við berum okkur saman við. Þetta mun auka gæði sundsins í öllum hópum. Þá hefur öðrum reynslumiklum þjálfurum verið bætt í þjálfarahópinn. Vegna aukins kostnaðar samfara þessu er því hækkun á æfingargjöldum nauðsynleg. Gjaldkerum falið að útfæra æfingargjöldin og félagsgjöld til SSÍ, UMFN og Keflavíkur. Falur tekur saman ferilskrá þjálfara sem verður aðgengileg á skráningardegi.

5. Skráning og auglýsingar

Falur og gjaldkerar setja saman auglýsingu sem birtist 19. ágúst. Gaman væri að fá viðtal við Anthony í Víkurfréttum í sama tbl. og auglýsinginn birtist. Skráning verður 24. ágúst og allir þjálfarar á staðnum. Stefnt á að hafa skráningu frá kl. 19 og hafa t.d. myndasýningu frá Benidorm í gangi eða eitthvað annað fjör.

6. Stuðningur við Anthony

Anthony fær ekki kennitölu fyrr en eftir 6-7 vikur. Er að skoða íbúðir. Getur ekki fengið síma né Internet nema með kennitölu. Spurning um að skrá símann til að byrja með hjá ÍRB svo að hann geti fengið slíkt sem fyrst. Anthony er í vandræðum með að skipta HK-dollurunum þannig að við borgum honum fyrirfram núna til að hjálpa honum fram að útborgunardegi. ÍRB greiðir einnig íslenskunámskeið fyrir hann hjá Símenntun. Athuga þarf hvort að nýi TM keyrir á Macintosh annars þarf hann aðgang að tölvu með TM. Anthony sendir fréttir á Sigurbjörg ef hann vill láta birta á heimasíðunni.

7. Æfingargallar

Höldum áfram með búningana a.m.k. næsta ár og bæta við bolum eftir þörfum. Taka pöntun strax eftir skráningar.

8. Viðgerðir á sundlaug

Innilaugin verður vonandi tilbúin eftir eina og hálfu viku.

9. Næsti fundur

Óskað eftir að hafa stjórnarfundir á sama degi á næsta sundári. Stjórnarfundir verða fyrsta miðvikudag í mánuði. Næsti fundur verður 1. september kl. 20:30 í K-húsinu.

10. Benidorm

Umræða um Benidorm ferðina. Tókst vel í alla staði. Umræða og skýrsla væntanleg.

11. Önnur mál

- a) Farið yfir skráningarblaðið. Ákveðið að hafa sundskólann á sér skráningarblaði. Hrannar heldur utan um skráningar í sundskólann í sérstöku excel-skjali.
- b) Ákveðið að ræða við foreldra um viðburði sem verða á dagskrá fyrir sundmenn.
- c) Heiðrún hafði samband vegna ungbarnasundsins. Við höfum samband við Hafstein vegna Akurskólaláugar á laugardögum.
- d) Anthony benti á að allir sundmenn verði að leggja hart að sér í hverri æfingu og temji sér jákvæðni gagnvart öllu sem gert er. Einnig þarf að kenna þeim sjálfstæði. Hann býst við framförum hjá sundmönnum í framtíðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:15.

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir